

Hafnarfjarðarbær
Innk: 16/9 2014
Málsnr: 1409495
Bréfali: 222.0



Hafnarfjarðarbær
bt. Bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Varðar: Stofnun grunnskóla í Hafnarfirði.

Með vísun til 43. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerðar nr. 699/2012, um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum o.fl., óskar Framsýn skólafélag (ehf) eftir samþykki Hafnarfjarðarbæjar um stofnun skóla við Vallahverfi í Hafnarfirði. Einnig er með vísun í 43. gr. laga um grunnskóla óskað eftir ákvörðun um framlög til slíks skóla, með vísun til 3. mgr. 43. laga um grunnskóla.

Framsýn grunnskóli stefnir að rekstri grunnskóla fyrir unglíngadeildarnema, þar sem kennt verður ef námsskrá þar sem sérstök áhersla er á upplýsingatækni, heilsu og hreyfingu. Skólinn verður umhverfisvænn og stefnt að pappírslausu umhverfi. Stuðst verður við speglað kennslufyrirkomulag þar sem sjálfstæði og tæknifærni nemendans fær að þroskast. Líkamlegt og andlegt heilbrigði verður einnig í fyrirrúmi þar sem öllum nemendum verður gert að stunda markvissa hreyfingu daglega.

Framsýn skólafélag (ehf) hefur ekki ennþá verið stofnað með formlegum hætti, þar sem lítið er á að heimild Hafnarfjarðarbæjar þurfi til að stofna félagið, sbr. 43. gr. grunnskólalaga. Stefnt er að því að reka félagið sem einkahlutafélag, frekar en sjálfseignarstofnum, þar sem að með því móti er auðveldara að nálgast rekstrarfé. Félagið þarf því ekki að byggja alfarið á lánsfé í upphafi starfseminnar. Endanleg ákvörðun um rekstrarfyrirkomulag hefur þó ekki verið tekin.

Þeir sem standa að undirbúningi að stofnun félagsins á þessari stundu eru Kristján Ómar Björnsson, Sigríður Kristjánsdóttir, Hildur Loftsdóttir, Gísli Guðmundsson, Hjálmar Árnason og Ágúst Sindri Karlsson. Hins vegar er ætlunin að fá fleiri aðila að félaginu ef erindið fær brautargengi. Þá hefur hópurinn samið við Karl Þorsteins hjá ARM Verðbréf hf. um aðstoð við fjármögnun og rekstraráætlun.

Þess er nú farið á leit að boðað verði til fundar með forsvarsmönnum undirbúningshóps Framsýnar skólafélags og öðrum er málið varðar sem fyrst. Hægt er að ná sambandi við undirritaðan í síma 695 5415 eða á netfangið kristjanomar@kristjanomar.com.

Hafnarfirði, 16. september 2014.

Virðingarfyllst,

Kristján Ómar Björnsson

Kristján Ómar Björnsson,
forsvarismaður undirbúningshóps.